

## Fundargerð

172, fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2015, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.
2. Niðurstöður úr sjósýnatökum við Akureyri; samantekt gerlamælinga; kynning. Kynningu frestað til næsta fundar.
3. Tímabundnar undanþágur Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðina í Laugardal við Húsavík og á Kópaskeri; kynning.

Hafsteinn H. Gunnarsson kynnti stöðu mála varðandi vinnslu Umhverfisstofnunar á starfsleyfum fyrir urðunarstaðina í Laugardal við Húsavík og á Kópaskeri. Borholur til að auðvelda eftirlit með sigvatni frá haugunum voru boraðar s.l. haust og gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun ljúki vinnslu á starfsleyfum haustið 2015.

### Umsagnir:

1. Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis á Geiteyjarströnd 1 og breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.
2. Skipulagslýsing vegna deiliskipulags verslunar- og þjónustureits norðan Búðará á Húsavík.
3. Deiliskipulag svæðis fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls, ásamt breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Sú breyting er gerð í samræmi við fyrrnefnda deiliskipulagstillögu og nær til nýs svæðis fyrir þjónustustofnarnir, Þ-15, í landi Kárhóls.

Porkell Björnsson kynnti umsagnir undir lið 1, 2 og 3 og fór yfir helstu atriði, m.a. varðandi fráveitur og vatnsból.

4. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu um efnistöku í Hörgá í Hörgársveit.
5. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna Naustabrautar (milli Naustafjöru og Wilhelmínugötu) á Akureyri; þ.e. hvort fyrirhugaðar framkvæmdir teljist háðar mati á umhverfisáhrifum.
6. Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi; fyrirhuguð stækkun á orlofshúsabyggð Illugastaða í Fnjóskadal.

Alfreð Schiöth kynnti umsagnir undir lið 4, 5 og 6 og fór yfir helstu atriði, m.a. varðandi vatnsvernd, fráveitur og varnir gegn hávaða og svifryki.

**7. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um undanþágu frá 3. grein reglugerðar nr. 814/2010 er varðar stærð á yfirfleytirennu í rennibrautarlaug í sundlaug Akureyrar.**

Pórey Agnarsdóttir kynnti umsögn undir lið 7; fram kom að ráðuneyti vinnur að breytingum á ákvæðum sundlaugarreglugerðar varðandi umrætt málefni.

**8. Beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytis um umsögn heilbrigðisnefndar vegna undanþágubeiðni fyrir rekstur á snyrtistofu í heimahúsi.**

Pórey Agnarsdóttir kynnti erindið og eftirfarandi var fært til bókar:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur kynnt sér erindið og gerir ekki athugasemd við veitingu undanþágu svo fremi að tryggt sé að vinnutími skarist ekki við notkun á íbúðarherbergi á sömu hæð og að fyrir liggja samþykki skipulagsdeildar Akureyrarbæjar.

**9. Skeljungur, kt. 590269-1749, Sjálfsafgreiðslustöð Orkunnar , Árskógssandi. Beiðni um undanþágu vegna neðanjarðareldsneytisgeyma.**

Afgreiðslu frestað og ákveðið að kalla eftir nánari gögnum; m.a. varðandi lekaprófun, stærð og fjöldi á þeim eldsneytistöðum sem um ræðir.

**Umsóknir um starfsleyfi:**

1. Sjóferðir Arnars Sigurðssonar ehf, kt. 610498-2569, gisting í íbúð að Stóragarði 6, fnr. 215-3369, 01-0201, 640 Húsavík. **Samþykkt.**
2. Sjóferðir Arnars Sigurðssonar ehf, kt. 610498-2569 gisting í íbúð að Stóragarði 6, fnr. 215-3370, 01-0301, 640 Húsavík. **Samþykkt.**
3. Friðgeir Sigtryggsson, kt. 310359-4329, Breiðamýri, 650 Laugum. Gististaður fl. I. Gistiheimilið Breiðamýri. **Samþykkt.**
4. Bryndís Pétursdóttir, kt. 220670-4069, Lautavegi 8, 650 Laugar, íbúð 01-0102, fnr.227-1586, heimagisting flokkur II. North Aurora Guesthouse, Lautavegur 8. **Samþykkt.**
5. Margrét Höskuldsdóttir , kt. 070359-2439, Lautavegi 6, 650 Laugar, Heimagisting, flokkur II. Sólvellir Guesthouse. **Samþykkt.**
6. Hanna Þórsteinsdóttir, kt. 081082-5109, Tröð, 650 Laugar, Heimagisting fyrir Tröð North ehf, kt. 520215-1580, flokkur II. Tröð North. **Samþykkt.**
7. Arnfríður Aðalsseinsdóttir, kt. 010666-5309, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Núpasiðu 10g, 603 Akureyri. **Samþykkt.**
8. Búmannsklukkan ehf, kt. 131263-4659, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað að Skipagötu 12, 600 Akureyri, undir nafninu Akureyri Fish. **Samþykkt.**
9. Hrafnkell Sigtryggsson, kt. 281065-3949, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúðum á efri og neðri hæð að Glerá 2, v/Hlíðarfjallsveg, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Eygló Jóhannsdóttir, kt. 080658-3119, umsókn um starfsleyfi fyrir heilsutengda starfsemi, s.s. námskeiðahald og almenna heilsuráðgjöf undir nafninu sHeilsudögginn að Furuvöllum 13, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
11. Orkulundur sf, kt. 541210-0830, Kaupangi við Mýrarveg, umsókn um starfsleyfi fyrir eftirfarandi: Nudd, jóga, hómópatíu, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, lithimnugreiningu, ilmólunudd og svæðanudd. **Samþykkt.**

12. Tröllaskagi ehf, kt. 640203-2930, Karlsá, 621 Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir gisti- og veitingaþjónustu. **Samþykkt.**
13. Skíðafélag Dalvíkur kt. 490381-0319, Brekkusel, 620 Dalvík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gistiskála og veitingasölu. **Samþykkt.**

### Önnur mál:

-Skýrt var frá mengun í Vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps og úrbótum sem Norðurorka vinnur að.

-Skýrt var frá skólpmengun á yfirborði jarðar vegna vandkvæða í rekstri á siturlög og síubedda sem þjónar sumarhúshverfi við Kjarnaskóg í Akureyrarbæ og samskiptum við ábyrgðaraðila vegna þessa. Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúum að fylgja kröfu um úrbætur fast eftir.

-Ákveðið var að halda fund í heilbrigðisnefnd þann 6. maí n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00.

---

Pétur Maack Þorsteinsson  
formaður

---

Alfreð Schiöth

---

Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir

---

Þorkell Björnsson

---

Hólmfríður G. Jónsdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Hafsteinn H. Gunnarsson

---

María Markúsdóttir

---

Þórarinn Þórisson

---

Kristín Halldórsdóttir